

# GJALDSKRÁ

## Hitaveitu Dalvíkur.

### 1. gr.

Gjaldskrá þessi gildir frá og með 1. janúar 2003 fyrir orkuveitusvæði Hitaveitu Dalvíkur. Öll gjöld í gjaldskrá þessari eru án virðisaukaskatts.

### 2. gr.

Gjöld fyrir afnot af hitaveituvatninu eru sem hér segir:

a) Orkugjald skv. vatnsmæli, Dalvík	kr. 39,37 pr. m <sup>3</sup>
b) Orkugjald skv. vatnsmæli, Árskógsströnd	kr. 58,27 pr. m <sup>3</sup>
c) Orkugjald skv. vatnsmæli, sundlaugar	kr. 15,74 pr. m <sup>3</sup>
d) Mælagjald	kr. 14,14 pr. dag
e) Lokunargjald	kr. 2.705,00

Þeim viðskiptavinum Hitaveitu Dalvíkur sem nota meira en 25.000 m<sup>3</sup> á ári er veittur 30% afsláttur af gjaldskrá af því magni sem umfram er 25.000 m<sup>3</sup> á hvern mæli.

### 4. gr.

Heimæðagjald Hitaveitu Dalvíkur skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Fyrir hús allt að 400 m <sup>3</sup> að utanmáli og heimæð allt að 50 m	kr. 137.566
og á m <sup>3</sup> þar yfir	kr. 173
og á m fram yfir 50 m	kr. 3.000

Rúmmál húsa miðast við stærðir samkvæmt reglum Fasteignamats ríkisins. Heimæðagjöld skal reikna af öllu húsrými á viðkomandi lóð, hvort sem það verður tengt hitaveitunni eða ekki.

Heimæðagjald hitaveitu fyrir útihús tengdum landbúnaði skal vera með eftirfarandi hætti:

- Mjólkurhús/fjós greiðir lámarksgjald kr. 137.566
- Fyrir hesthús að 700 m<sup>3</sup> skal greiða lámarksgjald. Aðilum er heimilt að sameinast um inntak.

Ef um er að ræða lagnir í dreifða byggð eða samkvæmt sérsamningi er vísað til 19. gr. reglugerðar fyrir Hitaveitu Dalvíkur. Gjald þetta skal þó aldrei vera lægra en nemur lágmarks heimæðagjaldi hitaveitunnar.

### 5. gr.

Heimæðagjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar 1. september 2002, 277,6 stig. Hitaveitunni er heimilt að breyta heimæðagjöldum þessum í samræmi við breytingu á nefndri vísitölu.

### 6. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld skv. gjaldskrá þessari. Fyrirætlun um að loka, ber að tilkynna með 5 daga fyrirvara. Allan kostnað af lokun og opnun á ný greiðir sá sem van-skilunum veldur, hverju sinni kr. 2.705.

7. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af bæjarstjórn Dalvíkurbyggðar, er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58 frá 29. apríl 1967 til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá fyrir Hitaveitu Dalvíkur nr. 555, 18. október 1996, með áorðnum breytingum.

*Iðnaðarráðuneytinu, 18. desember 2002.*

**Valgerður Sverrisdóttir.**

Kristján Skarphéðinsson.